

Mál nr. 120/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu er M féll í hálku á gangstétt við leikskóla.****Gögn.**

Málskot dags. 25.03.2019 ásamt fylgiskjöllum 1-17.

Bréf V dags. 17.04.2019 ásamt fylgiskjali.

Viðbótarathugasemdir frá M, dags. 26.04.2019.

Málsatvik.

Að morgni hins 24. nóvember 2017 féll M á hálkubletti á gangstétt við leikskólann B, sem rekinn er af A, með þeim afleiðingum að hún ökklabrotnaði. Hálkubletturinn virðist hafa myndast vegna bilunar í snjóbræðslulögn, en vatn virðist hafa sprautast úr lögninni og gert það að verkum að gangstéttin blotnaði. M telur að ekki sé um að ræða óhappatilvik heldur slys sem hafi orsakast af vanrækslu starfsmanna A, enda hafi þeir haft vitneskju um umrædda bilun án þess að bregðast við henni. Þannig hafi hvorki verið gert við bilunina né settar upp merkingar er vöruðu við hálku af völdum hennar. Á grundvelli þess gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hinn 14. ágúst 2018. V hafnaði hins vegar þeirri kröfu með bréfi dags. 13. september 2018, á grundvelli þess að um óhappatilvik væri að ræða. Þannig hafi bilunin leitt til þess að hálka hafi myndast skyndilega en þegar leikskólastjóri B hafi mætt til vinnu hafi engin hálka verið á þessu svæði og því hafi lögnin gefið sig skömmu fyrir umrætt atvik.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að leikskólastjóri B hafi verið fyrstur til vinnu þennan morgun. Það hafi því verið í hans verkahring að kanna aðstæður við leikskólann og aðkomu fyrir foreldra, börn og starfsfólk. Þá hafi verið mikið frost en engin hálka eða bleyta og því ekki þær aðstæður fyrir hendi að kallað hafi á viðbrögð af hans hálfu. Ekki sé ljóst hvenær kopartengi í snjóbræðslulögn hafi gefið sig en miðað við allar aðstæður megi þó ganga út frá því að það hafi ekki verið löngu fyrir fall M, enda vatnsþrýstingur það mikill og það mikið frost að hálkublettur hefði verið fljótur að myndast eftir að bilunin átti sér stað.

M mótmælir afstöðu V, og telur þvert á móti að starfsmenn A hafi haft vitneskju um lekann í einhvern tíma fyrir umrætt atvik og því borið skylda til að bregðast við honum. Þá gagnrýnir M að V eða A hafi ekki lagt fram frekari gögn um atvikið og bilunina, þannig liggi ekki fyrir nein skýrsla um atvikið, né um viðgerð á snjóbræðslulögninni eða um verklagsreglur A í tengslum við hálkuvarnir. Það standi V nær að bera hallann af slíkum sönnunarskorti.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyssins. Til að slíkur bótaréttur sé til staðar þarf að sýna fram á saknæma háttsemi af hálfu vátryggingartaka. Það er ágreiningslaust að umræddur hálkublettur myndaðist í kjölfar þess að snjóbræðslulögn gaf sig og vatn sprautaðist úr henni upp á hellulagt yfirborð gangstéttarinnar. Þá var veðurfar þennan morgun með þeim hætti að telja má að hálkublettur hafi getað myndast fljótt við slíkar aðstæður. Hins vegar liggur ekkert fyrir um að starfsmenn B hafi vitað af umræddri bilun, eða hálkumyndun af völdum hennar, fyrr en eftir að M féll og ökklabrotnaði. Er því ekki sýnt fram á að þeim hafi verið rétt að grípa til aðgerða vegna þessa. Slysið verður því ekki rakið til atvika sem A verður kennt um. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík, 14. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.